

62. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar miðvikudaginn 7. janúar 2008, kl. 17:00.

Formaður bæjarráðs, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember 2008
 - b) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún frá 22. desember 2008
 2. Fjárhagsáætlun 2009
 3. Bréf frá Sturla Böðvarssyni 1. þm. Norðv. kjördæmis dags. 19. desember 2008
 4. Bréf frá Samgönguráðuneytinu 30. desember 2008
 5. Bréf frá SSNV frá 5. janúar 2008
 6. Bréf frá Veiðifélagi Blöndu og Svartár dags. 28. desember 2008
 7. Bréf frá Norðurá bs. frá 29. desember 2008
 8. Bréf frá undirbúningshópi starfendurhæfingar á NV frá 22. desember 2008
 9. Bréf frá Leið ehf. dags. 19. desember 2008
 10. Bréf frá Landvernd dags. 16. desember 2008
 11. Bréf frá Félags-og tryggingamálaráðuneytinu dags. 15. desember 2008
 12. Erindi frá Önnu Hinriksdóttur dags. 16. desember 2008
 13. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12. desember 2008
Lögð fram til kynningar
 - b) Stjórnar Byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún frá 22. desember 2008
Lögð fram til kynningar
2. Fjárhagsáætlun 2009
Bæjarstjóri kynnti aðhaldstillögur í rekstri sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkir tillögurnar. Greinargerð um fjárhagsáætlunina verður lögð fram á bæjarstjórnarfundum.
3. Bréf frá Sturla Böðvarssyni 1. þm. Norðv. kjördæmis dags. 19. desember 2008
Lagt fram til kynningar.
4. Bréf frá Samgönguráðuneytinu 30. desember 2008
Í framhaldi af bréfi samgönguráðuneytisins frá 10. desember sl. um afgreiðslu fjárhagsáætlunar þá veitir ráðuneytið sveitarstjórn Blönduóssbæjar frest til loka janúar 2009 á afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2009.
5. Bréf frá SSNV frá 5. janúar 2008
Tilkynnt sú ákvörðun stjórnar SSNV frá 8. desember sl., að halda 17. ársþing SSNV dagana 24-25. apríl 2009 og að þingið verður haldið í Skagafirði.
6. Bréf frá Veiðifélagi Blöndu og Svartár dags. 28. desember 2008
Félagsfundur boðaður miðvikudaginn 14. janúar n.k. kl. 20:30 í Húnaveri. Fundarefni er nýr samningur sem stjórn félagsins hefur gert við Lax-á um leigu á Svartá og Blöndu til næstu 5 ára.

Forseti bæjarstjórnar sækir fundinn fyrir hönd Blönduóssbæjar.

7. Bréf frá Norðurá bs. frá 29. desember 2008

Óskað er eftir frekari framlögum til samlagsins á árinu 2008 í samræmi við 6. gr. stofnsamning byggðasamlagsins.

Bæjarráð samþykkir umrædda beiðni.

8. Bréf frá undirbúningshópi starfendurhæfingar á NV frá 22. desember 2008

Undirbúningshópur um starfendurhæfingu á Norðulandi vestra boðar til fundar þar sem rekstrarfyrirkomulag starfendurhæfingarinnar verður rædd.

Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Leið ehf. dags. 19. desember 2008

Leið ehf. hefur kynnt hugmyndir að nýrri legu hringvegarins í Austur-Húnavatnssýslu. Farið er fram á að gert verði ráð fyrir framkomnum hugmyndum að nýjum veglínunum í þeim drögum að aðalskipulagi sveitarfélaganna sem nú er til meðferðar í sveitarfélaginu.

Bæjarráð lýsir sig andsnúið þessum tillögum Leiðar ehf. og vísar í fyrri afgreiðslur bæjarráðs og bæjarstjórnar Blönduóssbæjar.

10. Bréf frá Landvernd dags. 16. desember 2008

Undanfarin ár hefur Landvernd unnið að innleiðingu Bláfánans sem er alþjóðleg umhverfisvottun. Frestur til að sækja um Bláfánann rennur út í lok febrúar nk. Lagt fram til kynningar.

11. Bréf frá Félags-og tryggingamálaráðuneytinu dags. 15. desember 2008

Lagt fram til kynningar

12. Erindi frá Önnu Hinriksdóttur dags. 16. desember 2008

Farið er fram á styrk til útgáfu á ritverkinu Ástin á tímum ömmu og afa – Bréf og dagbækur aldamótamanns.

Bæjarráð sér sig ekki fært að verða við erindinu. Bæjarráð óskar Önnu Hinriksdóttur góðs gengis í hennar ritstörfum.

13. Önnur mál

Bæjarráð fór yfir nýframlagðar hugmyndir heilbrigðisráðherra um sameiningu og rekstur heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni.

Bæjarráð óskar eftir fundi með heilbrigðisyfirvöldum um að taka að sér rekstur Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 19:00

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson(sign.)

Héðinn Sigurðsson(sign.)

Kári Kárason(sign.)

Áheyrnarfulltrúi:

Valdimar Guðmannsson(sign.)

Arnar Þór Sævarsson(sign.)